



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**við tilnefningu íþróttamanns ársins 2002**  
**2. janúar 2003**

Góðir Íslendingar  
Ágæta íþróttafólk

Við erum hér samankomin til að heiðra afreksfólk, íþróttahetjur sem notið hafa hylli þjóðarinnar um árabíl.

Á þessari stundu hugsum við til margra sigra sem settu svip á liðið ár og einstök voru augnablikin þegar kempurnar í handboltanum náðu að gera úr þjóðinni eina sál.

Sundfólkið, fótboltinn, frjálsar íþróttir, körfubolti – í mörgum fleiri greinum fögnuðum við einstæðum árangri á liðnu ári og í kvöld er uppskeruhátíð.

Að baki þeim sem heiðraðir verða eru þúsundir af íþróttafólki, félögum og vinum, fjölskyldum, áhugafólki og sjálfboðaliðum sem gert hafa íþróttahreyfinguna að öflugustu fjöldasamtökum okkar Íslendinga.

Íþróttafólkið hefur borið hróður Íslands víða um veröld. Þau eru burðarás í þeim virðingarsessi sem við njótum og ég óska forystusveit Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands til hamingju með glæsilegt og árangursríkt þing evrópsku ólympíuhreyfingarinnar sem haldið var hér á Íslandi fyrir fáeinum vikum, merkasta samkoma íþróttamála sem hér hefur verið sett, enn eitt dæmið um þann árangur sem íþróttahreyfingin hefur náð.

Íþróttir eru ekki aðeins keppni og skemmtan, þær eru líka fjárfesting í góðri heilsu, forvarnarstarf gegn fíkniefnum og öðrum hættum.

Þess vegna eru fjárframlög til íþróttamála ekki venjuleg útgjöld heldur í reynd fjárfesting í framtíðinni, sparnaður sem dregur úr kostnaði við heilbrigðiskerfið. Það er því þjóðhagslega skynsamlegt að efla íþróttastarfið og styrkja og gera almenna íþróttaiðkan að sameign og heilsubót landsmanna allra.

Ég flyt ykkur, forystu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, afreksfólkinu sem hér er saman komið og þúsundum íþróttafólks vítt og breitt um landið allt alúðarþakkir íslenskrar þjóðar fyrir frábært starf og glæsilegan árangur og við óskum ykkur öllum farsældar og velgengni í framtíðinni.

Gleðilegt íþróttarár.